

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorpförgun og hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn leggur á árlegt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpförgunargjald) og rotþróargjald (fyrir hreinsun rotþróa) sem innheimt skulu með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- A. Sorpgjald á heimili, kr. 14.000.
- B. Sorpgjald á fyrirtæki, óákveðið en fer eftir magni, sérsamningar.
- C. Rotþróargjald á hverja rotþró, kr. 12.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Fljótsdalshrepps á fundi 5. desember 2022 í samræmi við heimild í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

*Végarði, 5. desember 2022.*

**Helgi Gíslason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2022